

Miðvikudaginn 25. júní 1975.

Nr. 213/1974. Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Tryggva Hannessyni (Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 11. desember 1974. Krefjast þeir þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Kröfur sínar byggja áfrýjendur á því, að sátt sú, sem gerð var 4. júní 1974 og er grundvöllur fjárnámsins, sé ógild og óbindandi fyrir þá, þar sem lögmaður sá, sem sáttina gerði af þeirra hendi, hafi skort umboð til sáttargerðarinnar.

Þegar hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram, var sótt þing af hendi áfrýjenda, en engin andmæli komu fram af þeirra hendi gegn gildi sáttarinnar. Þar sem málsástæðu þessari var ekki hreyft í fógætarétti, kemur hún ekki hér til álita, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 30.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjendur, Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson, greiði

óskipt stefnda, Tryggva Hannessyni, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 30. október 1974.

Ár 1974, miðvikudaginn 30. október, var fógetaréttur Keflavíkur settur að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Jóni G. Briem með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 198/1974: Tryggvi Hannesson, Reykjavík, gegn Kyndli h/f og Jósafat Arngrímssyni.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Róbert Árni Hreiðarsson vegna Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 sátt bæjarþings Reykjavíkur, gerða 4. júní 1974, og krefst fjárnáms til tryggingar skuldinni, kr. 100.000 auk 1.5% mánaðarvaxta af kr. 50.000 frá 3. apríl 1974 til 3. maí 1974, en af kr. 100.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 480 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 15.000 í málskostnað, kr. (sic) í birtingar- og endurritskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, að frádreginni innborgun 27. júní, kr. 12.000.

Lögmaður gerðarþola, Áki Jakobsson, er mættur í réttinum og samþykkir fyrirtækt hér, og skoraði fógæti á hann að greiða umkrafaða skulð, en hann kveðst ekki greiða/geta greitt.

Skoraði fógæti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógætaréttinum.

Mætti bendir á eftirtalda húseign til fjárnáms, 3. hæð húseignarinnar að Hafnargötu 31, Keflavík. Lögmaður gerðarbeiðanda telur, að hún standi ekki fyrir ofangreindri kröfu og krefst þess, að gert sé fjárnám í lausafé. Lögmaður gerðarþola bendir þá á verslunarinnréttingar á 1. hæð að Hafnargötu 31, Keflavík. Fallið var frá virðingu.

Fógæti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindum innréttingum til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógæti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsíabyrgð að lögum.